

EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3392

Rekstraraðili Háafell ehf. kt: 5201993149	Tegund starfsemi Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera	Starfsleyfisnúmer: UST-2021-L020-01 Gildistími starfsleyfis 10.6.2037
Starfsstöð Ísafjarðardjúp	Tegund eftirlits Reglubundið eftirlit	Dagsetning eftirlits 16. júní 2026
Starfstöðvarnúmer: 0318	Eftirlitsmaður Kjartan Guðmundsson	Útgáfudagur skýrslu 05. ágúst 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Ingibjörg Kristjánsdóttir	Gæðastjóri
Gauti Geirsson	Rekstrarstjóri

Niðurstaða eftirlits

Engin ný frávik komu fram í eftirliti og engar ábendingar voru settar fram.

Umfang eftirlits

Fram fór reglubundið eftirlit með vettvangsheimsókn í sjókvíaeldi Háafells ehf. í Ísafjarðardjúpi þann 16. júní 2026. Háafell ehf. er með starfsleyfi fyrir sjókvíaeldi á laxfiskum í Ísafjarðardjúpi með hámarkslífmassa 6.800 tonn á hverjum tíma.

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

- 1. Staða frá síðasta eftirliti**
- 2. Eldissvæði og umfang**
- 3. Ársyfirlit og umhverfisupplýsingar**
- 4. Áætlanir og viðbrögð**
- 5. Vettvangsskoðun – Fóðurprammar**

- Við síðasta eftirlit árið 2025 voru sett fjögur frávik vegna þess að ekki var tilkynnt um útsetningu seiða í kvíar í Seyðisfirði árið 2024, hvíldarsýnatöku var skilað inn seint, ársyfirliti var skilað seint og lekabytta var ekki til staðar í fóðurpramma í Skarðshlíð. Öllum frávikum hefur verið lokað. Rekstraraðili hefur skilað inn skráðu verklagi vegna tilkynninga um útsetningar og skil á hvíldarsýnatöku. Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.
- Heildarframleiðsla ársins 2025 var 3.259 tonn og var fóðurnotkun 3.900 tonn. Á árinu 2025 voru þrjú eldissvæði í notkun; Ytra Kofradýpi, Seyðisfjörður og Skarðshlíð. Við eftirlit árið 2026 voru tvö svæði í notkun: Ytra Kofradýpi og Skarðshlíð. Tilkynnt var um útsetningu seiða í Ytra Kofradýpi og gögnum vegna hvíldarsýnatöku skilað tímanlega, þann 24. apríl, fyrir útsetningu í kvíar þann 8. maí 2026. Ytra Kofradýpi var í hvíld veturinn 2025-26 í átta mánuði. Hvíldarsýnataka fór fram þann 21. apríl 2026 og var ástand botns metinn mjög gott.
- Ársyfirliti og umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 var skilað 29. apríl 2026. Samkvæmt ársyfirliti var losun fórsfórs 7.1 kg/tonn sem er innan heimilda í starfsleyfi. Engar kvartanir eða bilanir/óhöpp voru skráð árið 2025.
- Tryggingar, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda eru fullnægjandi og uppfærðar.
- Farið var í vettvangsferð á tvo fóðurpramma; annars vegar við Skarðshlíð og hins vegar í Ytra Kofradýpi. Rekstraraðili safnar dauðfiski úr kvíum og flytur hann í land. Á höfninni í Súðavík hefur rekstraraðili komið upp aðstöðu til að taka við dauðfiski og útbúa meltu. Maurasýra er geymd í lekabyttu og búin árekstrarvörn. Ekki var tilefni til athugasemda.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.